



„Ég held að þetta hafi gefið okkur hugrekki til að láta í okkur heyra“ Um frumkvæði nokkurra ungmenna að breytingum á námskrá og menntun í grunnskóla

Anna Magnea Hreinsdóttir

► Abstract ► Um höfund ► About the author ► Heimildir

Lögð er áhersla á að börn og ungmenni láti til sín taka og hafi áhrif á samfélag sitt. Í þessari grein er fjallað um niðurstöður rannsóknar á frumkvæði nokkurra ungmenna að stofnun félagsins *Menntakerfið okkar* og þær tillögur að breytingum á námskrá sem félagið hefur staðið fyrir. Varpað er ljósi á tilurð, markmið og tilgang félagsins og hvaða áhrif frumkvæðið hefur í ljósi kenninga um mikilvægi samfélagslegrar virkni ungmenna. Einnig er gerð grein fyrir viðbrögðum fullorðinna og jafningja við tillögum þeirra og hvort þar megi greina birtingarmyndir fullorðinshyggju. Byggt er á fyrirliggjandi upplýsingum um félagið, fjölmiðlaumfjöllun um aðgerðir þess og viðtölum við stjórnarmenn, skólastjórnendur og sviðsstjóra hjá Hafnarfjarðarbæ. Helstu niðurstöður sýna að börn og ungmenni geta átt frumkvæði að breytingum með tillögum og aðgerðum og verið öðrum góð fyrirmynd í samfélagslegri virkni. Frumkvæði stjórnar félagsins *Menntakerfið okkar* og tillögum að breytingum var víða vel tekið, fjallað um þær í ýmsum fjölmiðlum og stjórnin kölluð til ráðgjafar af yfirvöldum sveitarfélaga og ríkis. Má meðal annars greina áherslur félagsins í menntastefnu til ársins 2030. Viðbrögðin voru þó ekki á einn veg og mætti frumkvæðið einnig neikvæðni jafningja á samfélagsmiðlum og hjá kennurum sem töldu að skilja mætti á málflutningi stjórnar félagsins að það væri ekki verið að kenna öll fög í skólanum og að kennararnir kenndu ekki það sem þeir ættu að kenna. Mikilvæg viðbrögð fullorðinna við frumkvæði ungmenna er að styðja við þau og sýna þeim fram á að þau geti verið virk í samfélaginu og tekið þátt í að móta það.

Efnisorð: Raddir nemenda, samfélagsleg virkni, námskrár, fullorðinshyggja

Inngangur

Ungmenni víða um heim hafa í auknum mæli látið til sín taka á opinberum vettvangi (Thunberg og Taylor, 2019). Frumkvæði ungmenna í Hafnarfirði sem stigu fram og töldu námskrá grunnskóla vera orðna úrelta að einhverju leyti leiddi til stofnunar félagsins *Menntakerfið okkar* og tillagna um breytingar á inntaki aðalnámskrár grunnskóla í takt við þær samfélagslegu breytingar sem átt hafa sér stað á síðastliðnum árum. Félagið *Menntakerfið okkar* var stofnað að frumkvæði fjögurra ungmenna í Víðistaðaskóla í Hafnarfirði í nóvember 2020. Það hélt úti vefsíðu þar sem finna mátti upplýsingar um tilurð félagsins og tillögur þess um breytingar á menntakerfinu auk almennra upplýsinga um stjórn þess. Þar kom fram að markmið þess væri að nútímavæða íslenska menntakerfið. Stjórn félagsins lagði fram hugmyndir í stefnuskjali sem nefnist *Menntakerfið okkar. Tilaga um hvernig við getum þróað menntakerfið okkar og dregið það fram í nútímanum (Menntakerfið okkar, 2020)*. Að mati stjórnar félagsins fylgir nám og kennsla ekki ákalli nútímans og taldi

stjórnin þörf á að kenna ýmislegt sem tengist daglegu lífi ungmenna. Tillögur stjórnarinnar lutu að kynfræðslu, sundkennslu og upplýsingatækni. Einnig lét stjórnin sig varða ýmis mál sem hún flokkaði sem mikilvæg málefni eða heimsmál, svo sem geðsjúkdóma, loftslagsbreytingar, ofbeldi, sjúkdóma, fatlanir, þrækkun, barnakúgun, mansal og nauðganir. Þar að auki vildi stjórnin leggja áherslu á fræðslu um mannréttindi, starfsfræðslu og fjármálalæsi (*Menntakerfið okkar*, 2020). Hægt er að líta á framtakið *Menntakerfið okkar* sem viðleitni ungmenna til að standa að breytingum á inntaki náms og kennslu í grunnskóla. Með því voru ungmennin að nýta rétt sinn til að láta í ljós skoðanir sínar, koma þeim á framfæri munnlega eða skriflega og að mynda félag með öðrum (lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013; samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992). Vakti frumkvæðið athygli rannsakenda, fjölmiðla og yfirvalda ríkis og sveitarfélaga á Íslandi. Með því að skoða frumkvæði ungmennanna er leitast við að fá skilning á hvort einhver hlusti á skoðanir, aðgerðir og virkni þeirra og hvort það leiði til breytinga. Í lögum um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (nr. 19/2013) merkir barn hvern þann einstakling sem ekki hefur náð 18 ára aldri. Eru því hugtökin börn og ungmenni notuð yfir nemendur upp að 18 ára aldri í þessari grein. Fyrst verður gerð grein fyrir bakgrunni rannsóknarinnar. Þá verður rætt um viðbrögð fullorðinna við frumkvæði ungmenna víða um heim og ólíkar birtingarmyndir þeirra. Fjallað verður um tilurð félagsins *Menntakerfið okkar* og þær tillögur að breytingum á námskrá grunnskóla sem félagið lagði fram. Sagt verður frá framkvæmd rannsóknarinnar, gagnaöflun og greiningu og loks er niðurstöðum lýst, þær skoðaðar með hliðsjón af alþjóðlegum og innlendum rannsóknum og dregnar af þeim ályktanir.

Bakgrunnur rannsóknarinnar

Markmið laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013 er að styrkja stöðu mannréttinda barna. Í markmiðsgrein laga um grunnskóla nr. 91/2008 er gert ráð fyrir að hlutverk skóla sé að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi. Sömu áherslu má finna í nýsamþykktari menntastefnu fyrir árin 2021–2030 þar sem kveðið er á um að frá fyrstu tíð skuli rödd nemenda heyrast og þeir fá tækifæri til að hafa áhrif á námsumhverfi sitt (þingskjal nr. 1111/2020–2021). Einnig endurspeglast þessi markmið í *Aðalnámskrá grunnskóla 2011* (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2012) þar sem einn grunnþáttur menntunar er lýðræði og mannréttindi. Að auki má sjá aukna þátttöku nemenda og virkni í mótun menntastefnu einstakra sveitarfélaga og má í því sambandi nefna að helstu áherslur menntastefnu Reykjavíkur eru að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs (Reykjavíkurborg, 2019). Gengið er út frá því að börn séu sérfræðingar í lífi sínu, geti myndað sér skoðanir á málefnum sem þau varða, látið þær í ljós og haft áhrif á daglegt líf sitt. Í þessari rannsókn er frumkvæði ungmenna í grunnskóla að breytingum á inntaki náms og kennslu skoðað út frá þremur víddum sem byggja á fyrri rannsóknum um samfélagsvirkni ungmenna og borgaralega þátttöku (Biswas og Mattheis, 2021; Josefsson og Wall, 2020; Sundhall, 2017; Wall, 2019) en einnig út frá birtingarmyndum fullorðinshyggju (Flasher, 1978; Meade, 2020). Í fyrsta lagi er varpað ljósi á samfélagslega þátttöku og virkni ungmenna, í öðru lagi eru þau áhrif, sem slík þátttaka hefur, skoðuð og hvaða óformlega nám á sér stað í gegnum slíka þátttöku og í þriðja lagi hver viðbrögð fullorðna og jafningja hafa verið (Biswas og Mattheis, 2021).

Samfélagsleg þátttaka og virkni ungmenna

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins leggur áherslu á virðingu fyrir sjónarmiðum barna og rétt þeirra til að hafa áhrif á málefni sem þau varða. Kveðið er á um að börn hafi rétt til að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum sem þau varða og að taka skuli réttmætt tillit til skoðana þeirra, en jafnframt gert ráð fyrir að fullorðnir meti þær með tilliti til aldurs og þroska (Clark og Flewitt, 2020). Þátttaka og virkni barna og ungmenna í skólastarfi skipar þar veglegan sess (Atli Harðarson, 2018; Guðmundur Heiðar Frímansson, 2018; Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Gardarsdóttir, 2012; Ólafur Páll Jónsson, 2015, 2019). Sett hafa verið fram viðmið til að stuðla að

Þátttöku og virkni barna og ungmenna (Lundy, 2007) sem lúta að því að gefa börnum tækifæri til að mynda sér skoðanir og að hinir fullorðnu auðveldi þeim að tjá þær, útvegi þeim viðeigandi upplýsingar og greiði fyrir því að þau láti í ljós skoðanir sínar. Einnig að tryggt sé að hlustað sé á skoðanir barna og ungmenna og að þeim sé komið á framfæri við þá aðila sem geta virkjað áhrifamátt radda þeirra. Loks að tryggt sé að skoðanir barna og ungmenna séu teknar alvarlega og brugðist sé við þeim. Niðurstöður rannsókna sýna að ungmenni sem upplifa stuðning frá foreldrum sínum og hvatningu hafa jákvæðara viðhorf til virkrar borgaralegrar þátttöku fólks en þau sem upplifa minni stuðning og hvatningu foreldra sinna (Ragný Þóra Guðjohnsen og Hrund Þórarins Ingudóttir, 2019; Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2011, 2019). Sigrún Aðalbjarnardóttir (2019) nefnir í bók sinni *Lífssögur ungs fólks – Samskipti, áhættuhegðun, styrkleikar* að samfélagið sé auk foreldra ábyrgt fyrir því að skapa ungmennum reynslu og aðstæður sem eflir þau og styrkir. Má reikna með að þar undir falli kennarar. Sigrún nefnir nokkrar áskoranir sem fylgja uppeldi á börnum og ungmennum og segir:

Ljóst er að uppeldi er nú barnmiðaðra en á öldum áður; réttur barna og ungmenna til æskilegra uppvaxtarskilyrða og tækifæri til þroska og lífsgæða er skýr. Þau eiga öll rétt á að njóta virðingar, umhyggju og umönnunar bæði heima og heiman. Þau eiga rétt á að hlúð sé að margvíslegum þroska þeirra. Þau eiga rétt á að hlustað sé á rödd þeirra og mið tekið af skoðunum þeirra. Þau eiga rétt á að verða ekki fyrir einelti, félagslegri einangrun eða ofbeldi af neinu tagi. Þau eiga rétt á að mennta sig og lifa með reisn. Og þau eiga rétt á að láta til sín taka og hafa áhrif á samfélag sitt.

Samfélagslegri þátttöku og virkni ungmenna hefur verið lýst sem ferli þar sem einstaklingar eða hópar mynda sér skoðanir, koma þeim á framfæri og hafa áhrif, beint eða óbeint, á þá þætti daglegs lífs sem eru þeim mikilvægir (Lansdown, 2018). Rannsóknir sýna að þátttaka ungmenna í stefnumótun um skólastarf og mótun námskrár getur verið vandasöm, þar sem fullorðnir þurfa að þekkja leiðir til að virkja ungmenni til þátttöku, hvetja þau og veita þeim vettvang og tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri og hafa áhrif (Bertrand o.fl., 2020). Einnig sýna rannsóknir að virk þátttaka ungmenna í félagsstarfi hefur margvíslegan ávinning í för með sér, svo sem bættu sjálfsmynd og sjálfstraust (Corney o.fl., 2021). Hvernig þeirri þátttöku er hagað fer eftir því hvað verið er að fást við. Hlutverk fullorðinna og hvernig þeir taka á því valdaójafnvægi sem ríkir milli fullorðinna og ungmenna skiptir þar máli. Hart (1992) telur að fullorðnir deili valdi eða þátttöku með ungmennum, sem byggir á þeim skilningi að völd séu í höndum fullorðinna og þeim geti verið deilt – eða ekki – með öðrum. Shier og félagar (2014) telja það ekki valdeflandi fyrir ungmenni að þurfa að eiga áhrif sín og þátttöku undir geðþótta fullorðinna, heldur þurfi ungmenni að geta tekið málin í eigin hendur og á eigin forsendum.

Ákall dagsins er að börn og ungmenni láti til sín taka og hafi áhrif á samfélag sitt þar sem talið er að nám og uppeldi fari ekki eingöngu fram innan veggja heimilis og skólans og sé heldur ekki einangrað frá málefnum líðandi stundar (Biswas og Mattheis, 2021). Börn og ungmenni hafa í auknum mæli látið til sín taka í opinberri umræðu og þá sérstaklega hvað varðar loftslagsbreytingar, til dæmis með skólaverkföllum (Fridays For Future, 2018). Slíkar aðgerðir geta gefið ungmennum möguleika á að upplifa áhrifamátt sinn og valdeflinguna sem felst í að sýna samfélagslega virkni. Með því að taka málefnið í eigin hendur vekja ungmenni athygli á málefnum sem þeim finnst fullorðnir vanrækja eða ekki takast á við (Thunberg og Taylor, 2019; Yousafzai og Lamb, 2015). Skiptar skoðanir hafa verið um aðgerðir ungmenna og margir haft áhyggjur af velferð þeirra og skrópi úr skóla (Steafel o.fl., 2019). Aðrir hafa talið lýðræðisleg tækifæri felast í aðgerðunum og að mikill lærdómur felist í þeim, bæði fyrir börn og ungmenni en einnig fyrir fullorðið fólk (Mattheis, 2020; Ravnø og Neergaard, 2019; Thunberg og Taylor, 2019).

Þessi aukni áhugi á þátttöku barna og ungmenna krefst skilnings á því sem liggur að baki samfélagslegri þátttöku og virkni þeirra og hugtökum því tengdu (Farthing, 2010; Hart, 1992; Lansdown, 2018), en einnig á þeim hindrunum sem fullorðinshyggja og ríkjandi kennsluhættir fela í sér. Reynsla og þjálfun í að eiga samtal í skólum er til dæmis mikilvægur liður í að stuðla að virkri þátttöku nemenda í lýðræðisþjóðfélagi ásamt að læra lýðræðislega starfshætti í

Lýðræðislegum samskiptum við aðra og að taka þátt í mótun lýðræðislegs samfélags (Guðmundur Heiðar Frímansson, 2018; Ólafur Páll Jónsson, 2015, 2019; Wolfgang Edelstein, 2010). Hoveid og Hoveid (2019) benda einnig á mikilvægi þess að nám felist í gagnvirkum samskiptum kynslóða (e. intergenerational relationships) þ.e. að börn læri ekki einungis af fullorðnum, heldur fullorðnir af börnum. Því eigi fullorðnir að fagna samfélagslegri virkni ungmenna og hlusta á það sem þau hafa fram að færa. Þegar ungmenni stíga út fyrir skólann og mótmæla aðgerðaleyfi vegna loftslagsmála eða krefjast breytinga á inntaki náms þá sýna þau hugrekki – og kenna. Þá skipta viðbrögð fullorðinna og jafningja máli.

Viðbrögð fullorðinna

Talið er að ójöfnuður ríki í félagslegum samskiptum, meðal annars í skólum sem felst í því sem Freire (1970) kallar menningu þagnarinnar (e. the culture of silence). Hún hefur í för með sér markvissa þöggun valdaminni aðila. Til að sporna gegn henni þarf að líta gagnrýnum augum á ríkjandi orðræðu og gefa valdaminni aðilum eins og börnum og ungmennum rödd. Þögnin sé í sjálfu sér valdataeki, hvort sem er í skólastofu eða á öðrum stöðum og því þurfi að rjúfa þögnina með því að eiga samtal. Hafa margir fræðimenn lýst yfir áhyggjum af hversu tregir kennarar eru til að taka upp samræðukennsluhætti og fjalla til dæmis um málefni líðandi stundar og er Alison Clark (2020) einn þeirra. Hún spyr hvort áhersla á að fá fram sjónarmið barna og ungmenna í samræðum í skólastarfi sé frábrugðin almennum gildum í samfélaginu (e. counter-cultural) og jafnarsett af ríkjandi áherslum í skólamálu um árangur, gagnreyndar kennsluáðferðir og tölulegar mælingar?

Oft er litið á börn sem aðra tegund en fullorðna og vart hefur verið við fullorðinshyggju (e. adultism) í umræðu um aðgerðir barna og ungmenna í anda Gretu Thunberg (Meade, 2020; Thunberg, 2019). Má þar einnig nefna aðgerðir Malala Yousafzai (Yousafzai og Lamb, 2015). Fullorðinshyggja byggir á þeirri hugmynd að fullorðnir séu æðri eða hafi meira virði en börn og ungmenni. Hugtakið lýsir einnig félagslegu kerfi, venjum og hegðun sem byggir á þessari hugmynd (Meade, 2020; Shier, 2012). Fullorðinshyggja byggir þó ekki á raunverulegri getu eða hæfni fullorðinna eða barna, heldur á þeirri staðalímynd að geta og hæfni séu aldurstengd. Samfélagsleg þátttaka ungmenna mætir oft á tíðum vantrú fullorðinna á hæfni þeirra til að sýna frumkvæði og getu til að taka virkan þátt í að móta líf sitt og hafa áhrif. Ungmenni þurfa að yfirstíga þær hindranir sem fullorðinshyggjan felur í sér með hugrekki og sterkri sjálfsmynd (Fletcher, 2015; Yousafzai og Lamb, 2015). Sjá má ákveðin hlutverkaskipti verða þegar ungmenni taka málin í eigin hendur og valdeflast í stað þess að sýna valdaleysi og undirgefni (Flasher, 1978; Meade, 2020; Thunberg, 2019; Yousafzai og Lamb, 2015). Þá getur fullorðinshyggjan birst í góðum ráðum fullorðinna til barna og ungmenna og í umhyggju fyrir velferð þeirra. Því hefur jafnvel verið varpað fram að ungmenni hafi ekki kunnáttu eða getu til að taka afstöðu í flóknum málum. Til dæmis er því haldið á lofti að flóknar áskoranir heimsins, eða stóru málin, eigi ekki heima í kennslu á grunnskólastigi og deilt um hvort og þá hvernig eigi að fjalla um flóttamannavanda, loftslagsmál, stríð, hryðjuverk, fátækt, jafnréttismál og framtíðina (Meade, 2020; Samtök áhugafólks um skólaþróun, 2016).

Greta Thunberg segir í riti sínu *Húsið okkar brennur* að virkni og aðgerðir geti allt eins komið frá börnum og ungmennum, ekki síður en fullorðnum (Thunberg, 2019, bls. 86). Í bréfi til allra sem hafa möguleika á að láta rödd sína heyrast segir Greta:

Þið eruð alltaf að segja að börnin séu framtíðin og að þið mynduð gera hvað sem væri fyrir börnin ykkar. Það hljómar vel þegar þið segið svoleiðis hluti. Ef þið eruð að meina það sem þið segið, hlustið þá á okkur.

Þannig hljómar ákall Gretu um að hlustað sé á sjónarmið ungmenna og að þau leiði til breytinga. Þó að hún fjalli í bréfinu um aðgerðir í loftslagsmálum er hægt að yfirfæra merkingu orða hennar yfir á önnur aðkallandi málefni, t.d. það sem kennt er í skólum og hversu mikla merkingu það

hefur fyrir börn og ungmenni. Hefur Greta Thunberg orðið að leiðtogaímynd fyrir ungt fólk og haft áhrif á samfélagslega virkni þess með ákalli um breytingar. Gjarnan er talað um Thunberg-áhrifin þegar rætt er um áhrifamátt barna og ungmenna og ákall þeirra um samfélagslega virkni (Biswas og Mattheis, 2021; Thunberg, 2019). Niðurstöður rannsóknar sem gerð var í Bandaríkjunum sýna að ungmenni þar í landi sem þekktu til aðgerða Gretu Thunberg höfðu jákvæðara viðhorf til samfélagsvirkni en þau sem ekki þekktu til þeirra (Sabherwal o.fl., 2020). Forsenda samfélagslegrar virkni er trúin og vonin um að breytingar séu mögulegar (Cohen-Chen og van Zomeren, 2018). Af hverju ættu ungmenni þá að læra um lýðræði í skólanum til að geta tekið þátt í samfélaginu í framtíðinni, þegar þau geta lært í lýðræði, verið virk í samfélaginu núna og haft áhrif?

Eins og áður er tilgreint er markmið þessarar rannsóknar að varpa ljósi á hvað fær nokkur ungmenni til að kalla eftir breytingum á aðalnámskrá grunnskóla og hvort og þá hvaða áhrif tillögur þeirra hafa haft. Með því að skoða áhrifamátt félagsins *Menntakerfið okkar* er athugað hvort einhver hlusti á skoðanir, aðgerðir og virkni ungmennanna og hvort þær leiði til breytinga á inntaki náms og kennslu.

Rannsóknarspurningarnar sem leitað er svara við eru:

1. Hvað fær nokkur ungmenni til að kalla eftir breytingum á aðalnámskrá grunnskóla?
2. Hvaða áhrif hefur ákall þeirra um breytingar haft?

Aðferðafræði

Til að varpa ljósi á rannsóknarefnið var safnað þrenns konar gögnum. Í fyrsta lagi voru fyrirbyggjandi gögn sköðuð, í öðru lagi var tekið hópviðtal við stjórnendur félagsins *Menntakerfið okkar* og í þriðja lagi voru tekin einstaklingsviðtöl við stjórnendur í skólum og stjórnslu í Hafnarfjarðarbæ.

Fyrir lágu ýmsar upplýsingar um frumkvæði ungmennanna og því mikilvægt fyrir tilgang og markmið rannsóknarinnar að líta til þeirra. Þær fólust í: (1) vefsíðu og samfélagsmiðlum félagsins *Menntakerfið okkar*, (2) skjalinu *Tillaga um hvernig við getum þróað menntakerfið okkar og dregið það fram í nútímanum* frá stjórn félagsins *Menntakerfið okkar*, (3) fréttum ýmissa miðla um félagið, (4) kynningu stjórnar á markmiðum og verkefni félagsins og (5) fundargerð fræðslunefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Haft var samband við stjórn félagsins sem í sitja fjögur ungmenni; einn drengur og þrjár stúlkur á aldrinum 15 til 16 ára og óskað eftir hópviðtali. Samræður í hópi jafningja er ein tegund gagnaöflunar og er talin vera heppileg leið til að ræða ákveðin atriði við börn og ungmenni (Clark og Moss, 2001; Groundwater-Smith o.fl., 2015; Mayall, 2008). Óþægilegt getur verið fyrir sum börn og ungmenni að tala við ókunnugan í einrúmi og því getur verið vænlegra að ræða saman í smáum hópum (Mauthner, 1997). Rannsakandi hitti stjórnarmeðlimi félagsins *Menntakerfið okkar* vorið 2021 í húsnæði Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og ræddi við þá um reynslu þeirra af stofnun félagsins. Einnig var haft samband við skólastjóra Víðistaðaskóla og sviðsstjóra mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðarbæjar. Rannsóknin var kynnt og óskað eftir einstaklingsviðtali við viðkomandi um sýn þeirra á félagið og hvaða áhrif tillögur þess og starfsemi hefði haft á viðkomandi skóla og á sveitarfélagið að þeirra mati. Skipulögð voru einstaklingsviðtöl vorið 2021 og voru þau tekin í Víðistaðaskóla og á skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðarbæjar. Í samræðum við stjórnarmenn og aðra viðmælendur var stuðst við viðtalsramma, sjónum beint að frumkvæði ungmennanna og reynt að nálgast hugmyndir viðmælenda um hvaða áhrif tillögur þeirra og starfsemi hefði. Spurt var um tilurð, markmið og tilgang félagsins *Menntakerfið okkar*, hvar tillögum félagsins hefði verið komið á framfæri og hvaða áhrif starfsemi félagsins hefði haft að mati viðmælenda. Viðtölin vörðu í 20 til 40 mínútur og voru hljóðrituð og afrituð. Fyrirbyggjandi gögn voru einnig greind og flokkuð (Bogdan og Biklen, 2007).

Rannsakandi þemagreindi öll gögnin með hliðsjón af sex þrepa þemagreiningu sem felst í að kynnast gögnunum, skoða þau og kóða, finna þemu, tryggja gæði þeirra, tengsl og skörun. Einnig skilgreindi rannsakandi þemun, gaf þeim heiti og skrifaði niðurstöður út frá þeim til að svara rannsóknarspurningum (Braun og Clarke, 2021; Braun o.fl., 2018). Einnig var byggt á þremur víddum sem byggja á fyrri rannsóknum um samfélagsvirkni ungmenna og borgaralega þátttöku sem kynntar voru í byrjun greinarinnar (Biswas og Mattheis, 2021). Að lokum voru niðurstöðurnar bornar saman við fyrri rannsóknir á samfélagslegri þátttöku og virkni ungmenna og birtingarmyndum fullorðinshyggju.

Siðferðileg atriði og réttmæti rannsóknarinnar

Þau sem tóku þátt í rannsókninni gáfu upplýst samþykki sitt eftir að hafa fengið upplýsingar um markmið hennar og tilgang. Rannsóknin var unnin í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (nr. 90/2018). Leitað var skriflegs samþykkis frá viðmælendum og forsvarsmönnum þátttakenda yngri en 18 ára. Voru niðurstöður rannsóknarinnar bornar undir viðmælendum þegar þær lágu fyrir. Þar sem um mjög afmarkað efni er að ræða var ekki hjá því komist að gefa upplýsingar um viðmælendur, félag, skóla og sveitarfélagið sem um var að ræða. Til að viðmælendur hljóti þó einhverja nafnleynd eru niðurstöður úr hópumræðum ekki raktar til einstaka stjórnarmeðlims heldur kynntar sem raddir stjórnar og starfsheiti annarra viðmælenda notuð. Leit rannsakandi á það sem siðferðilega skyldu sína að varpa sem skýrustu ljósi á sjónarmið viðmælenda og upplifun þeirra. Felst trúverðugleiki (e. credibility) rannsóknarinnar fyrst og fremst í hversu vel hefur tekist að varpa ljósi á viðfangsefnið, koma sjónarmiðum viðmælenda til skila og að láta gögnin tala. Þó má finna annan flöt á trúverðugleikanum sem felst í afstöðu rannsakandans til þátttakenda og hið undirliggjandi siðferðilega markmið rannsóknarinnar (Alderson, 2004; Groundwater-Smith o.fl., 2015). Í þessari rannsókn þykir rannsakanda mikilvægt að varpa ljósi á frumkvæði ungmenna, virka samfélagslega þátttöku og hvernig jafningjar, fullorðnir og yfirvöld bregðast við því. Flókið og jafnvel rangt er að halda að rannsakandi geti verið hlutlaus að öllu leyti og þá heiðarlegra að horfast í augu við það sem getur valdið hlutdrægni rannsakanda með því að vera meðvitaður um þau atriði sem geta leitt til hlutdrægni hans (Alderson, 2004; Fitzpatrick o.fl., 2004).

Niðurstöður

Niðurstöður eru hér kynntar eftir því sem fram kom í greiningu á fyrirbyggjandi gögnum og í viðtölum við viðmælendur. Þær eru settar fram sem beinar tilvitnanir í gögnin. Eitt þema var um tilurð félagsins *Menntakerfið okkar* og hvaðan sú hugmynd kom að setja fram tillögur um breytingar á inntaki náms og kennslu í grunnskóla. Annað þema var um þau áhrif sem tillögur félagsins höfðu á þá sem standa að því, skólann sem forsvarsmenn félagsins stunda nám í, skólasystkini og kennara og á vinnu við menntastefnu sveitarfélagsins og menntastefnu ráðuneytisins. Þriðja þemað var um viðbrögð fullorðinna og jafningja.

Tilurð, markmið og tilgangur félagsins *Menntakerfið okkar*

Ungmennin sögðu að félagið hefði orðið til vegna þess að þau álitu að menntakerfið væri orðið úrelt og fylgdi ekki nútímakröfum. Á síðasta skólaárinu í skyldunámi litu þau yfir skólagöngu sína og greindu hvað hefði gagnast þeim og hvað ekki. Þau mátu það sem svo að margt sem skipti máli í lífinu hefði ekki verið kennt í skólanum. Þessar hugleiðingar og umræður urðu til þess að þau mótuðu þær tillögur að breytingum sem félagið stendur fyrir (*Menntakerfið okkar*, 2020). Þær snúast um:

- kynfræðslu – að kynfræðsla verði eflað,
- hinsegin fræðslu – tryggja þurfi hinsegin fræðslu í námskrá allra grunnskóla og í kennaranámi,
- tölvukennslu – auka og efla skuli tölvukennslu á unglingastigi,
- sundkennslu – hægt verði að taka stöðupróf í skólasundi á unglingastigi,
- geðfræðslu – tryggja þurfi fræðslu um geðheilsu í skólum,
- heilbrigðisfræðslu – tryggja þurfi heilbrigðisfræðslu,
- fjármálalæsi – auka og efla fjármálalæsi,
- starfsfræðslu – bæta og auka starfskennslu,
- heimsvandamál – tryggja þurfi fræðslu um heimsvandamál,
- forvarnir – auka og efla forvarnakennslu.

Félagið var stofnað í nóvember 2020 og í febrúar 2021 birtist grein í Vísi eftir Alexander Ívar Logason (2021), formann félagsins, þar sem hann varpaði fram spurningu um hvort menntakerfið á Íslandi væri orðið úrelt og sagði meðal annars:

Það vantar að kenna krökkum hluti sem eru nauðsynlegir til þess að læra betur á daglegt líf og tel ég því vera fulla ástæðu til að krefjast breytinga. Landið og menningin hefur þróast en menntakerfið á enn langt í land með að fylgja þessari þróun. Það að ég (16 ára strákur úr Víðistaðaskóla) tel mig knúinn til þess að skrifa þennan pistil sýnir í hversu vondum málum ég tel menntakerfið vera í. Ég og mínir félagar erum að krefjast breytinga á því sem okkur finnst vanta upp á til að menntakerfið fylgi þeirri þróun sem hefur átt sér stað.

Í kjölfar greinarinnar birtust nokkur viðtöl við stjórn félagsins. Fréttablaðið birtir tvær greinar þar sem tillögur félagsins voru kynntar og ósk þeirra um að fá fræðslu um mikilvæg málefni í heiminum eins og um geðsjúkdóma, loftslagsbreytingar, ofbeldi, sjúkdóma, fatlanir, þrækkun, barnakúgun, mansal og nauðganir (Aðalheiður Ámundadóttir, 2021; Kristinn Haukur Guðnason, 2021). Einnig var skrifuð frétt á vefmiðil RÚV þar sem stjórn félagsins undirstrikaði að hún vildi taka þátt í breytingum á skólakerfinu (Ingvar Þór Björnsson, 2021). Í lok mars birti Hafnarfjarðarbær frétt á heimasíðu sinni um kynningarfund sem hópurinn hélt í Ráðhúsi Hafnarfjarðar fyrir bæjarstjóra, fræðslustjóra og formann fræðsluráðs (Hafnarfjarðarbær, 2021).

Hvað varð til þess að ungmennin, sem að félaginu *Menntakerfið okkar* standa, fundu sig knúin til að fara í þessar aðgerðir? Skólastjóri Víðistaðaskóla taldi að aðgerðir stjórnar félagsins hefðu hafist á því að einn stjórnarmeðlimur sýndi umsjónarkennara sínum myndband á TikTok þar sem sjá mátti nemanda tjá sig um annmarka skólakerfisins í Bandaríkjunum. Kennarinn sýndi bekknum myndbandið og ræddi innihald þess við nemendur. Þeir voru nemandanum sammála um að ýmislegt vantaði í nám þeirra og kennslu. Skólastjórinn vildi einnig tengja frumkvæði þeirra sem stóðu að stofnun félagsins *Menntakerfið okkar* við ýmsa starfsemi í skólanum og félagsmiðstöðinni. Í fyrsta lagi nefndi hann lýðræðisþing sem reglulega eru haldin í skólanum. Hann sagði:

Við höfum verið með sameiginleg lýðræðisþing ... þá erum við með lýðræðisnefnd, kjörna úr hverjum bekk, einn fulltrúa og við ákveðum saman hvað við eigum að taka fyrir á þinginu. Fyrsta þingið var mjög yfirgripsmikið og við vorum lengi að vinna úr því alls konar hugmyndir. Við vorum að spá í hvernig við vildum bæta námið, umhverfið hér í skólanum og félagsstarfið. Fengum alveg fullt af skemmtilegum hugmyndum. Svo vinnum við með lýðræðisnefndinni, sitjum hér á fundum og förum yfir niðurstöður þingsins, hvað er raunhæft og hvað er óraunhæft – þetta er góð leið fyrir skólastjórnann að kynna störf sín fyrir nemendum. Margt sem þau vildu var ég að vinna að og þá gat ég sagt þeim það og þau komið þeim upplýsingum áleiðis til sammemenda. Það er bara ofsalega gaman að vinna með krökkum svona vinnu og þeir hafa sterkar skoðanir. Bara mjög flottar oft á tíðum.

„Ég held að þetta hafi gefið okkur hugrekki til að láta í okkur heyra“
Um frumkvæði nokkurra ungmenna að breytingum á námskrá og menntun í grunnskóla

Í öðru lagi nefndi skólastjórinn þátttöku þeirra í söngleik sem settur er upp árlega í skólanum. Hann sagði:

Á sama tíma er hjá okkur söngleikur sem er stórt verkefni og þar voru þau öll í hlutverkum. Það er svo gaman að sjá að þegar þau taka sér eitthvað fyrir hendur sem þau vinna sjálf og ráða útfærslunni sjálf og byggja á styrkleikum sínum – það finnst mér mjög jákvætt.

Í þriðja lagi nefndi skólastjórinn starf félagsmiðstöðvarinnar sem tilheyrir skólanum. Gott samstarf er milli hennar og skólans. Skólastjórinn lagði áherslu á nemendalýðræði og að hlustað yrði á raddir nemenda og að þær hefðu áhrif á skólastarfið. Þá virkaði skólastarfið betur að mati skólastjórans:

Við höfum hlustað á raddir nemenda og viljum vinna í þeim anda. Félagsmiðstöðin hjá okkur er líka þannig. Okkur finnst allt svona skemmtilegt og gaman þegar þau hafa svona sterkar skoðanir og koma þeim á framfæri.

Stjórnarmenn í félaginu *Menntakerfið okkar* vildu þó vekja athygli á að þótt árlegi skólasöngleikurinn væri frábær og góð leið til að víkka þægindarammann þá hefðu þeir stofnað félagið og fundað með ráðherra áður en undirbúningur fyrir árlega söngleikinn hófst í Víðistaðaskóla.

Sviðsstjóri mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðarbæjar tók undir áherslur skólastjórans og sagði:

Það sem Víðistaðaskóli gerir mjög vel er nemendalýðræði, eitt af mörgu – og annars vegar eru þeir með lýðræðisþing sem er búið að vera árlegur viðburður í nokkur ár. Þar taka skólastjórnendur virkan þátt og þær hugmyndir sem eru að koma þar fram komast til framkvæmda. Ég veit að nemendur sjá það gerast. Hvort sem það er að mála vegg eða ... kaupa fleiri bolta í íþróttasalinn eða salatbarinn eða hvað svo sem það er. Það eitt og sér hefur áhrif. Svo er skólinn líka mjög framarlega varðandi listaþáttinn ... og setja upp söngleiki á hverju einasta vori, maður veltir fyrir sér hvort ... nám á sér ekki bara stað inni í kennslustofunni ... hvort það hafi jafnvel áhrif varðandi sjálfsmynd unglínganna og það að hafa skoðanir og rödd og allt þetta.

Stjórn félagsins fór á fund með bæjarstjóranum í Hafnarfirði, samskiptastjóra, formanni fræðsluráðs og sviðsstjóra mennta- og lýðheilsusviðs. Sviðsstjóri mennta- og lýðheilsusviðs sagði að það hefði verið hressandi að hitta þau „og líka bara að sjá og heyra að það eru krakkar þarna úti sem hafa eldmód fyrir því að hafa áhrif á þessa hluti og við ræddum við þau um að eiga þau sem hauk í horni í að virkja unglíngana með okkur“.

Áhrif frumkvæðis og aðgerða ungmennanna

Áhrif frumkvæðis og aðgerða stjórnar félagsins *Menntakerfið okkar* koma fram með ólíkum hætti. Skoðað var hvaða áhrif frumkvæði félagsins hafði í fyrsta lagi á einstaka félagsmann, í öðru lagi á skólafélaga, kennara og skólastarf Víðistaðaskóla, í þriðja lagi á Hafnarfjarðarbæ og í fjórða lagi á Mennta- og menningarmálaráðuneytið sem mótar og setur menntastefnu þjóðarinnar. Að auki hafa einhver neikvæð viðbrögð og áhrif fylgt þessu frumkvæði ungmennanna.

Áhrif á einstaka félagsmenn

Að mati stjórnarmeðlima hefur skólinn mikil áhrif á mótun barna og ungmenna. Þess vegna vilja forsvarsmenn félagsins að námið búi þau betur undir það að fara út í lífið, með kennslu og reynslu sem tengist nútímanum og heiminum en „ekki bara stærðfræði og íslensku“ eins og stjórnarmeðlimur sagði (*Menntakerfið okkar*, 2020). Sú vinna sem stjórn félagsins hefur lagt á sig við gerð tillagnanna og kynningu á þeim hafa að mati þeirra sem sitja í stjórn gefið þeim meira hugrekki til að láta í sér heyra og aukið sjálfstraust þeirra. Einn stjórnarmeðlimur sagði:

Mér líður eins og það sé tekið meira mark á mér, ekki það að það hafi ekki verið gert áður. Nú getur maður líka tekið þátt í umræðum ef það er matarboð eða ...

Skólastjóri Víðistaðaskóla taldi að framtakið hefði aukið áhuga ungmennanna á ýmsum málefnum sem tengjast skólamálu og samfélagsmálefnum og að þetta hafi verið þeim „mikil sjálfsstyrking“. Hann sagði:

Sumir gengu hér meðfram veggjum áður sem ganga nú hér um bein í baki, glöð og áberandi. Það er svo gaman að sjá það. Svona verkefni, þar sem þau finna að það er hlustað á þau og þau hafa eitthvað að segja, gefur þeim mikið. Ég er alveg viss um það.

Sviðsstjóri mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðarbæjar hafði spurt stjórn félagsins sérstaklega út í hvaða áhrif verkefnið hefði haft á þau:

Þau tíunduðu samtöl við einstaka ráðamenn sem þeim fannst taka vel í málflutning þeirra sem mér fannst hafa haft jákvæð áhrif á þau. Að þeim fyndist á sig hlustað en svo spurði ég þau aðeins út í jafningjahópinn og þá virtust þau líka vera að fá mjög ljót og leiðinleg skilaboð. Þannig að það virðist vera að þau séu dæmd af vissum hópi ungmenna fyrir að stíga svona fram en í mín eyru þá virtist þetta vera þannig að fullorðna fólkið virtist taka vel í hugmyndir þeirra, bæði innan skólans og í ráðuneytinu, sambandinu og hér hjá Hafnarfjarðarbæ.

Skólastjóri Víðistaðaskóla taldi mikið nám hafa átt sér stað hjá þeim sem að félaginu koma og að þau hefðu meðal annars lært að leita sér upplýsinga, hafa skoðanir og að setja fram mál sitt á málefnalegan hátt. Þessi vinna hefði meðal annars verið liður í að kenna þeim íslensku að hans mati.

Öðrum börnum og ungmennum góð fyrirmynd

Stjórn félagsins fannst mikilvægt að vera öðrum börnum og ungmennum góð fyrirmynd. Einn stjórnarmeðlimur sagði:

Mig langar að hvetja alla krakka til þess að taka afstöðu og reyna ef þau sjá eitthvað sem þeim finnst ekki í lagi eða ef þau vilja breyta einhverju ... Af því að það hefur bara haft jákvæð áhrif á okkur. Mér hefur aldrei liðið eins vel einhvern veginn og núna.

Einnig hvöttu þau aðra til að láta til sín taka, „jafnvel þótt það sé bara í byrjun að deila einhverju inn á samfélagsmiðla sem þú trúir að þurfi að laga. Eða byrja bara að senda póst.“

Þeim fannst mikilvægt að börn og ungmenni fylgdust með fréttum þar sem það skipti miklu máli að vera vel upplýst og jafnvel að upplýsa fólkið í kringum sig, auk þess að vera ekki hrædd við að tjá skoðanir sínar. Einn stjórnarmeðlimur sagði:

Manni líður bara miklu betur að vera að tjá skoðanir sínar frekar en að halda þeim inni. Og bara eftir að maður er búinn að segja það sem manni finnst bara, vá ... ég get sagt mína skoðun.

Þeim fannst þó að það þyrfti að gæta þess að segja skoðun sína á málefnalegan hátt. „Krakkar halda alltaf að þeir geti ekki gert neitt en þeir hafa getað gert ansi margt.“ Þau sögðust vona að yngri nemendur fylgdu í spor þeirra þar sem það væri mjög góð tilfinning að vita að maður hefði áhrif á eitthvað. Stjórnarmeðlimur sagði:

Þetta var ekki svo erfitt þegar maður var byrjaður [að láta til sín taka] – það var vissulega erfitt þegar maður var að byrja en svo þegar maður var kominn af stað og maður var byrjaður þá skýrðist allt miklu betur.

„Ég held að þetta hafi gefið okkur hugrekki til að láta í okkur heyra“
Um frumkvæði nokkurra ungmenna að breytingum á námskrá og menntun í grunnskóla

Skólastjóri Víðistaðaskóla sagði að nemendur kæmu víða að málum í skólanum. Hann sagði:

Það er líka mikil umræða í þjóðfélaginu og krakkar að láta til sín taka. Það þykir fínt núna. Þetta er mjög formlegt hjá þessum hópi og þau hafa farið víða, hitt meðal annars menntamálaráðherra tvisvar ... forsætisráðherra einnig ... bæjarstjórnann og fræðslustjóra og þetta er svakalega mikill lærdómur fyrir þau. Og mér finnst ekki ólíklegt að þetta hafi áhrif á framtíð þeirra.

Hann sagði einnig að þetta væri bæði skemmtilegt og þroskandi fyrir ungmennin:

Þetta er skemmtilegt og þroskandi fyrir þau. Við viljum að þau taki sjálfstæðar ákvarðanir og það er svo margt í þessu, ræða og mynda sér skoðun, skrifa skýrslu og hitta ráðherra. Þannig að það er mikill lærdómur í þessu og við erum stolt af þeim.

Sviðsstjóri mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðarbæjar taldi að stjórn félagsins gæti verið fyrirmynd annarra ungmenna til að láta til sín taka og sýna samfélagslega virkni og þátttöku, „en þá er það kannski okkar fullorðna fólksins að gefa þeim þennan vettvang til þess að vera það. Ég held að það sé mjög auðvelt að láta bugast þegar þú ert að fá svona skilaboð eins og þau sýndu okkur.“

Neikvæð skilaboð

Fram kom hjá meðlimum stjórnar félagsins *Menntakerfið okkar* að ekki hefðu allir skólafélagar verið sammála þeim og að þeir hefðu fengið mjög mörg neikvæð skilaboð frá fólki, nafnlaust. Stjórnarmeðlimur sagði:

Það hafa verið svona hatursskilaboð. Alveg hræðileg líka. Við höfum verið að tjá okkur á samfélagsmiðlum og það hafa margir sent á okkur svona hatursskilaboð. Þetta sannar það líka að við þurfum á þessari fræðslu að halda. Fordómar eru einfaldlega bara fáfræði.

Hér eru dæmi um skilaboð sem stjórn félagsins *Menntakerfið okkar* hefur fengið:

- Drullaðu þér í eldhúsið og farðu að elda.
- Þið eruð fatlaðasta fólk sem ég hef séð.
- Þegiðu kona.
- Þú ert bara feit svo þú skalt þegja.
- Hinseginleikinn hjálpar engum.
- Skíttu í þig.
- Fat tub og shit.
- Djöfull er fólk orðið miklir aumingjar.

Stjórn félagsins fannst skilaboðin gott dæmi um að enn væri langt í land að nemendum liði vel í skóla þar sem þeir verja miklum tíma af bernsku sinni og umburðarlyndi jafningja lítið.

Stolt í Víðistaðaskóla en ekki allir sáttir

Skólastjóri Víðistaðaskóla sagðist vera mjög stoltur af þessum nemendum sem stigju svona fram og væru svona flottir og það lýðræðisnám sem fram færi í skólanum hefði verið áberandi í sveitarfélaginu. Hann sagði einnig að það gæti verið að einhverjir hugsuðu að það væri ekki verið að kenna allt þarna í Víðistaðaskóla þegar ungmennin kölluðu eftir kennslu um aðkallandi málefni. „Þetta verkefni þeirra er stærra en bara þessi skóli í raun og veru,“ sagði skólastjórinn.

Stjórn félagsins *Menntakerfið okkar* fannst kennarinn þeirra taka vel í tillögur félagsins en vísaði þeim á skólastjórnann þar sem hann gat lítið gert í breytingum á námskrá. Þeim fannst margir óttast þær breytingar sem þau lögðu til og töldu feimni hinna fullorðnu eiga þátt í því. Stjórnarmeðlimur sagði:

Það sem hvatti okkur áfram í Menntakerfinu okkar voru kennararnir og stuðningur þeirra til okkar. Ekki myndum við segja að það sem við lærðum í náttúrufræði, stærðfræði, samfélagsfræði eða hvaða annarri námsgrein í skólanum haldist í hendur við stofnun félagsins og frumkvæði okkar heldur stuðningur kennara, þrjúska hjá okkur og vilji til þess að ná fram breytingum sem að okkar mati yrðu til batnaðar fyrir menntakerfið.

Skólastjóri Víðistaðaskóla sagðist hafa farið á kynningu hjá félaginu þar sem stjórnin kynnti fyrir honum áhersluatriðin í tillögum sínum. Hann sagði:

Ég heyri á kynningunni þeirra að þau segja svo sem ekki allt rétt. En þetta eru raddir 15 ára barna og þetta eru þeirra skoðanir og mér finnst ekki rétt að stoppa það þó að það sé ekki allt rétt. Þau eru ekki sérfræðingar í námskrá og svona, maður verður bara að taka þetta eins og það er.

Skólastjórinn sagði einnig að skilja mætti í fjölmiðlaumfjöllun um tillögur félagsins *Menntakerfið okkar* að ekki væri verið að kenna öll fög í skólanum og að kennararnir kenndu ekki það sem þeir ættu að kenna. Hann sagði:

Þannig að ég ræddi við þau og af því að ég veit að þeim þykir vænt um skólann sinn og tala vel um skólann og segja að þau séu heppin að fá mikla kenngslu um margt af því sem vantar en það eru ekki allir sem fá svona eins og við. En það kemur ekki fram í Fréttablaðsgreininni. Lærdómurinn sem þau tóku út úr þessu viðtali og það sem ég var að reyna að sýna þeim er að alltaf þegar maður fer í blaðaviðtal þá þarf maður að fá að lesa yfir áður en það fer því annars tekur blaðamaðurinn hluti úr samhengi. Ég held að þau hafi lært alveg helling af þessu.

Fram kom hjá stjórnarmeðlimum félagsins að þeir lásu *Aðalnámskrá grunnskóla 2011* (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2012) og kröfðust breytinga á því sem ekki var í henni og að lögð yrði meiri áhersla á þá þætti sem voru nú þegar til staðar en fór kannski lítið fyrir. Stjórnarmeðlimur sagði:

Það er kannski rétt að við erum ekki sérlegir sérfræðingar í námskrá en þá kemur sú spurning upp hvort það séu til sérfræðingar sem sérhæfa sig aðeins í námskrá grunnskóla og hvernig þeir öðluðust sína sérþekkingu sem á að hafa meira vægi en þeir einstaklingar sem eru búnir að verja tíu árum í að læra undir þessari námskrá.

Þau töldu þessi viðhorf vera ástæðu þess að þau hefðu verið að berjast fyrir að raddir þeirra fengju að heyrast og væru teknar alvarlega. Stjórnarmeðlimur sagði:

Hver er betri til að dæma um það sem megi betur fara en einmitt krakkar sem eru í grunnskóla? Við sjáum ekki hvað er rangt við tillögur okkar því að þær eru ekki í núverandi námskrá. Hvernig er hægt að dæma það að skoðanir séu rangar?

Ekki voru allir sáttir í skólanum. Sumir kennarar urðu svekktir yfir umfjölluninni. Skólastjórinn sagði:

Það voru umræður inni á kennaraþráðum. Það hafa örugglega einhverjir kennarar talað við þau sem voru svekktir yfir því að þau væru að tala um að þau fengju ekki hina og þessa kenngslu sem að þeir kenndu en hafa þá kannski ekki verið að hlusta. Af því að þau eru líka bara venjuleg börn og kannski ekki alltaf með athyglina á fullu. Kennurum finnst oft gott þegar börn koma svona fram og standa fyrir einhverju – flestir hrósuðu þeim fyrir og fannst þetta flott hjá þeim en það voru einhverjir sem voru ekki alveg sáttir.

Stjórn félagsins var kölluð til skólastjóra, deildarstjóra og kennara þar sem farið var yfir námskrána með henni og bent á það sem ungmennin væru að læra og undir hvað það fellur, því þetta var fyrri hluta vetrar, „en málflutningurinn þeirra breyttist voða lítið þó að við værum að fræða þau um þetta,“ sagði skólastjórinn. Hann bætti við:

„Ég held að þetta hafi gefið okkur hugrekki til að láta í okkur heyra“
Um frumkvæði nokkurra ungmenna að breytingum á námskrá og menntun í grunnskóla

Við tókum þessu þá bara sem svona verkefni og litum á það þeim til styrkingar og flott verkefni í raun og veru. En í raun þarf að fylgja svona betur úr hlaði. En þetta varð eiginlega svona sjálfstætt verkefni hjá þeim. Þau fóru bara á flug. Þannig að við erum stolt af krökkunum okkar. Þó að það hafi verið þínulítill gagnrýni á okkur. Ég held líka að fólk átti sig alveg á því að þessi skóli kenni ekki eitthvað minna eða öðruvísi en aðrir.

Þegar stjórnarmeðlimir félagsins höfðu lokið haustönn skólans töldu þeir sig ekki hafa lært það sem kom fram í tillögum þeirra að breytingum nema skyndihjálp og heilbrigðisfræði. Stjórnarmeðlimur sagði:

Af hverju eigum við að breyta málflutningi okkar áður en við fáum reynslu af því hvort þetta verði kennt eða ekki? Ásamt því að þetta er ekki beint til skólans heldur erum við eins og áður hefur komið fram að tala um námskrá en ekki einungis hvað hver og einn skóli eða bæjarfélag er að kenna. Því eins og fram hefur komið hjá okkur er það okkar mat að allir eigi jafnan rétt á sams konar menntun.

Stjórnin vildi koma því á framfæri að þetta væri ekki gagnrýni á Víðistaðaskóla eða stjórnendum hans og kennara. Stjórnarmeðlimur sagði:

Kennarar Víðistaðaskóla hafa verið okkur hvatning og stuðningur undanfarin ár og eigum við þeim allar okkar bestu þakkir. Sú ástríða og metnaður sem þeir leggja í starf sitt er okkur dagleg hvatning. Þetta er barátta okkar að bæta menntakerfið í heild sinni og koma þeirri umræðu af stað að kannski er kominn tími á að endurskoða það, því eins og sagt er, tímarnir breytast og mennirnir með, af hverju ekki menntakerfið?

Áhrif á Hafnarfjarðarbæ

Hafnarfjarðarbær tók vel í frumkvæði félagsins, vildi taka tillit til tillagnanna og setja margt af því í menntastefnu fyrir Hafnarfjarðarbæ. Stjórnarmeðlimur sagði:

En maður veit það ekki alveg, maður hefur heyrt í mörgum sem segjast ætla að heyra í manni. Gera hitt og þetta og lofa að gera eitthvað í þessu sérstaklega. Svo hefur maður ekki heyrt neitt meira um það. Svo maður er smá efins um að þetta breyti einhverju.

Skólastjórinn sagðist halda að bæjaryfirvöld hefðu skilning á þessu frumkvæði, vildu fá nemendur með í mótun menntastefnu Hafnarfjarðarbæjar og heyra raddir þeirra. Hann sagði:

Það er vert að hlusta á það sem þau hafa fram að færa og einnig frá öðrum nemendum úr öðrum skólum. Það eru þarna hlutir sem þau vilja meira af og við þurfum að hlusta á það. Við vitum núna meira um það sem nemendur vilja og þeir vilja vita meira um geðræna sjúkdóma og greiningar og svona og það eykur bara skilning á þeim sem eru í kringum þá og í samfélaginu.

Þau mættu á fund með bæjaryfirvöldum og voru mjög vel undirbúin. Þau mættu með glærur og voru búin að vinna efnið niður í efnisflokk þannig að þetta var mjög vel sett fram hjá þeim að mati fræðslustjóra Hafnarfjarðarbæjar. Sviðsstjóri mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðarbæjar sagði:

Það er ekki búið að ákveða með hvaða hætti þau koma að gerð menntastefnunnar. Við erum með teymi í hverjum skóla vegna menntastefnunnar sem hafa það verkefni að fara með ákveðið efni inn í alla starfsmannahópa og til nemenda og út frá því ætlum við svo að vinna úr þeim gögnum í sumar og í haust ætlum við okkur að komast inn í skólana. Þá var hugmyndin að vera í sambandi við stjórn *Menntakerfisins okkar*, ungmennaráð og jafnvel fulltrúa úr ungmennahúsi og jafnvel fulltrúa úr nemendaráðum og fá þau í þessa rýnivinnu með okkur. Svo koma einnig foreldrar að þessu og kennarar og annað starfsfólk skóla.

Sviðsstjórinn taldi að ungmennin gætu haft áhrif á menntastefnu Hafnarfjarðarbæjar og fannst vera almenn vakning um að hlusta á raddir barna. Hann velti þó í þessu sambandi fyrir sér hvaða verkefni væru á ábyrgð sveitarfélaga annars vegar og hins vegar á ábyrgð ríkisins og hver almennur skilningur fólks væri á því.

Áhrif á önnur sveitarfélög og ríkið

Þá hafði stjórn félagsins *Menntakerfið okkar* farið á fund hjá fræðslumálanefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga. Nefndin fagnaði framtaki hennar og bókaði í fundargerð:

Fræðslumálanefnd fagnaði mjög þessu frumkvæði og skýrum málflutningi fjórmeninganna sem leggja áherslu á að fá fleiri skóla og nemendur með sér í lið. Nefndarmenn töldu ýmislegt jákvætt eiga sér stað í skólakerfinu því þeir væru lifandi dæmi þess. Nefndin sagði þýðingarmikið að fá sjónarmið nemendanna milliliðalaust inn í þá stefnumótunarumræðu sem nú færi fram með nýrri menntastefnu, endurskoðun aðalnámskrár grunnskóla, greinanámskráa o.fl. (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2021)

Einnig hitti stjórnin bæði mennta- og menningarmálaráðherra og forsætisráðherra. Hún hafði ekki heyrt aftur í mennta- og menningarmálaráðherra og sagði:

Hann sagðist ætla að tala við okkur aftur, en við erum ekki búin að heyra í honum síðan í janúar sl. En hann er náttúrulega mjög upptekinn. Við erum óviss með það hvort það verður gert eitthvað. En hann sagðist ætla að setja flestar okkar tillögur í menntastefnuna. Það væri gaman að vita hvaða tillögur og í hvaða formi.

Dingsályktun um menntastefnu fyrir árin 2021 til 2030 var samþykkt í mars 2021 og má sjá tillögur félagsins *Menntakerfið okkar* endurspeglast í henni að einhverju leyti undir stöðunum *Hæfni fyrir framtíðina* og *Velliðan í öndvegi* þar sem meðal annars er lögð áhersla á raddir nemenda og áhrifamátt þeirra.

Samantekt, umræða og ályktanir

Í þessari grein hefur verið fjallað um rannsókn sem hafði að markmiði að varpa ljósi á tillögur nokkurra ungmenna um breytingar á aðalnámskrá grunnskóla. Einnig voru þau áhrif sem slíkt frumkvæði hefur skoduð og hvaða óformlega nám á sér stað hjá ungmennunum. Að auki var gerð grein fyrir hvernig viðbrögð ungmennin fengu frá jafningjum og fullorðnum (Biswas og Mattheis, 2021). Leitað var svara við hvað fær nokkur ungmenni til að kalla eftir breytingum á aðalnámskrá grunnskóla og hvaða áhrif ákall þeirra hefur.

Sýna niðurstöður rannsóknarinnar að stofnun félagsins *Menntakerfið okkar* hafi verið ákall nokkurra ungmenna um að inntak náms og kennslu taki mið af þeim breytingum sem orðið hafa á daglegu lífi þeirra. Litu þau sem stóðu að stofnun félagsins til ungmenna í öðrum löndum sem höfðu tekið sambærilegt frumkvæði í málefnum sem þeim fannst fullorðnir vanrækja (Biswas og Mattheis, 2021; Thunberg, 2019; Yousafzai og Lamb, 2015). Kallaði stjórn félagsins *Menntakerfið okkar* á að námið byggji þau betur undir að fara út í lífið og fannst þeim foreldrar sínir og flestir kennarar skólans styðja þá í þeirri viðleitni. Hafa niðurstöður rannsókna sýnt að stuðningur fullorðinna er afar mikilvægur og getur orðið til þess að styrkja sjálfsmynd þeirra og að rækta samskiptafærni (Corney o.fl., 2021; Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2019). Töldu ungmennin sig hafa lært töluvert af þessu frumkvæði, bæði um sig sjálf en einnig um nám, kennslu og námskrá. Skólastjóranum fannst þau hafa vaxið, þeim fannst meira mark tekið á sér og voru þau virkari í umræðum, bæði meðal fullorðinna og jafningja.

Frumkvæði og aðgerðir ungmennanna gátu verið öðrum nemendum góð fyrirmynd og jákvæð hvatning til að láta í sér heyra. Viðbrögðin voru þó ekki á einn veg og fengu ungmennin neikvæð skilaboð á samfélagsmiðlum. Hafa önnur ungmenni einnig hlotið gagnrýni fyrir

samfélagsvirkni, samanber þá gagnrýni sem Greta Thunberg (2019) hefur orðið fyrir á sinni vegferð í þágu loftslagsmála. Varpa niðurstöður rannsóknarinnar einnig skýru ljósi á þá klemmu skólastjórnenda og kennara að meta réttmæti skoðana ungmennanna með tilliti til aldurs og þroska. Tóku einhverjir kennarar gagnrýni ungmennanna illa, fannst að skólanum og kennslu sinni vegið og vildu „leiðrétta“ málflutning stjórnar félagsins, fræða þau um það sem rétt væri um stjórn menntamála, námskrárgerð og kennslu í skólanum og að fylgja frumkvæði þeirra úr hlaði. Má velta fyrir sér hvort hér hafi verið ein birtingarmynd fullorðinshyggju í formi umhyggju fyrir ungmennunum og takmarkaðrar trúar á getu þeirra til að kynna sér inntak námskrár (Meade, 2020). Mikilvæg viðbrögð fullorðinna við frumkvæði ungmenna eru að styðja við þau og sýna þeim fram á að þau geti verið virk í samfélaginu og tekið þátt í að móta það (Hoveid og Hoveid, 2019; Straume, 2020). Stjórn félagsins *Menntakerfið okkar* benti á að margir kennarar væru feimnir við og skorti þekkingu til að kenna um kynfræðslu, geð- og heilbrigðismál, heimsvandamál og um framtíðina. Er það í samræmi við umræðu sem átt hefur sér stað um hvort stóru málin eigi heima í grunnskólanámi og hvort kennarar hafi þær bjargir sem þeir þurfa til þess (Meade, 2020; Samtök áhugafólks um skólaþróun, 2016). Einnig má spyrja sig hvort stofnun félagsins *Menntakerfið okkar* og hvernig það kom af stað umræðu um inntak kennslu í grunnskólum sé viðbragð við skorti á samræðu kennara við nemendur í kennslustundum um þær áskoranir sem þeir standa frammi fyrir og staðfesti því áhyggjur fræðimanna um vöntun á samtali í kennslu, sem getur að vissu leyti leitt til þöggunar (Clark, 2020; Freire, 1970; Guðmundur Heiðar Frímansson, 2018; Ólafur Páll Jónsson, 2015, 2019; Wolfgang Edelstein, 2010). Mátti greina þau viðhorf í niðurstöðum að það væri á forsendum fullorðinna að „gefa“ ungmennum vettvang til áhrifa og benti skólastjórnandi á að nemendur skólans kæmu víða að málum í skólanum og gætu haft áhrif. Lýðræðisþing eða árlegi skólasöngleikurinn væru ágætir farvegir til þess. Stjórn félagsins var ekki sammála því og taldi að meira þyrfti að gera til að koma ákalli um breytingar á inntaki náms á framfæri. Fundu þau málefnum farveg með því að stofna félag um tillögur til breytinga á námskrá grunnskóla og vöktu athygli fjölmiðla og annarra á tillögunum. Er það skýr réttur þeirra samkvæmt lögum um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013.

Tillögur ungmennanna vöktu athygli yfirvalda skólamála. Sýndu forsvarsmenn Hafnarfjarðarbæjar og annarra sveitarfélaga frumkvæði ungmennanna áhuga og kölluðu þau á fund með bæjaryfirvöldum og einnig með fræðslunefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga. Töldu allir sem ungmennin ræddu við þýðingarmikið að fá sjónarmið nemenda milliliðalaust inn í þá stefnumótunarumræðu sem nú færi fram hjá til dæmis Hafnarfjarðarbæ. Stjórn félagsins *Menntakerfið okkar* fór á fund forsætisráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra þar sem stjórnin kynnti tillögur sínar að breytingum á aðalnámskrá eftir að hafa kynnt sér inntak hennar vel. Þau gerðu sér þó vel grein fyrir því að þau væru ekki sérfræðingar í námskrárgerð en höfðu reynslu af henni í námi sínu. Á þeim tíma var verið að ganga frá menntastefnu til ársins 2030 sem var samþykkt í mars 2021 og má sjá tillögur félagsins *Menntakerfið okkar* endurspeglast í henni að einhverju leyti undir stöðunum *Hæfni fyrir framtíðina* með áherslu á sköpun og gagnrýna hugsun, stafræna tilveru og menntun fyrir alla og *Vellíðan í öndvegi* þar sem meðal annars er lögð áhersla á heilsueflingu, geðrækt, forvarnir og rödd nemenda (þingskjal nr. 1111/2020–2021). eru þessar áherslur í góðu samræmi við tillögur félagsins *Menntakerfið okkar*, þó ekki sé fullyrt að þær hafi komið þaðan.

Varpað hefur verið ljósi á aðgerðir nokkurra ungmenna til að knýja fram breytingar á námskrá grunnskóla í ákveðnum námsþáttum. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að ekki er hægt að einangra nám ungmenna frá aðkallandi málefnum líðandi stundar. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna einnig að með því að láta til sín taka sýna nemendur hugrekki og taka ábyrgð á eigin námi. Menntun fer fram í félagslegu samhengi og geta kennarar bæði lært af nemendum og nemendur af kennurum. Því þurfa kennarar að gefa nemendum rými til að sýna hvað þeir geta og skilja. Aðgerðir barna og ungmenna ætti ávallt að taka alvarlega, styðja við þær og líta á sem lýðræðislega þátttöku og virkni. Þá gefst börnum og ungmennum tækifæri til að leggja sitt af mörkum til samfélagslegra málefna, málefna sem snerta líf þeirra og móta það.

I think this gave us the courage to make ourselves heard. About the initiative of a few students in a compulsory school in Iceland to improve the curriculum

The aim of this study is to shed light on how a few 15-year-old students called for changes in the National Curriculum for Compulsory Schools in Iceland which they found obsolete to some extent. The objective, furthermore, is to analyse the impact of their proposals on their peers, their school, the municipality where the school is located and on government policy making. By examining the students' initiative, the research seeks to understand whether anyone listens to students' views, actions, and activities and whether their opinions can lead to changes in the content of learning and teaching. The research questions asked what made a few young students in a compulsory school in Iceland call for changes to the National Curriculum Guide for Compulsory Schools and what the effect of their call for change was. Students' voices and their influence have attracted researchers' attention in recent years, as young people have become increasingly involved in the public arena. The theoretical framework is based on theories and studies on children's social activism, the "Greta Thunberg Effect" and on children's voices, and agency in line with the United Nations Convention on the Rights of the Child. The study also reflects on the impact of the students' initiative and the adultism that surfaces when children want to take matters in their own hands, on the pretext of knowing better and protecting them.

The research is based on available information about the initiative of the students, the association *Our Education System*, formed by the students and media coverage of its proposals and actions. Further sources are a group interview with the students that formed the board of the association, and interviews with the school administrator and the department head of education at Hafnarfjarðarbær, where the compulsory school the students attended is located. A question-frame and research emphases were prepared with the aim of the study in mind. Permits were obtained from the participants and the parents of the students. According to the results, the students found that the initiative to form the association, compile the proposals and present them, had given them more courage to make themselves heard and increased their self-confidence. A great deal of learning had taken place and the students involved had, among other things, learned to seek information, form an opinion and to present their case in a matter-of-fact manner. The initiative was well received by most parties concerned and the students attracted a good deal of press coverage; they met with the school and municipal authorities, the prime minister and the minister of education in Iceland. Everyone who spoke to the students considered it important to transfer their recommendations directly into the policy discussion that would now take place concerning the upcoming new education policy of the state and in the city of Hafnarfjörður as well. But even though many people showed interest in their initiative and called for advice, the students were not sure that their actions would lead to change. It is interesting to note that the proposals were also met with negativity both from young people on social media, and from some teachers in the school who called the students involved to a meeting where the curricula were discussed and pointed out which subjects fall under them. The results show that students in compulsory schools can and have taken social action in affairs that they feel adults are not addressing. This can increase adults' understanding of students' views towards daily life and what is important to them. Besides, teachers can learn from students, something which may well initiate change through proposals and actions and create good role models for others in social activism.

Key words: Students' voices, social activism, curriculum, adultism

Um höfund

Anna Magnea Hreinsdóttir (amh@hi.is) lauk námi í tómstundafræðum frá Göteborgs folkhögskola í Svíþjóð árið 1980, B.Ed.-gráðu í leikskólafræðum frá Kennaraháskóla Íslands árið 1999 og meistaraþrófi frá sama skóla árið 2003. Árið 2009 lauk hún doktorsþrófi í menntunarfræðum frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands með áherslu á lýðræðislegt umræðumat á skólastarfi. Hún vann sem leikskólastjóri og leikskólafulltrúi á árunum 1991–2015 og var sviðsstjóri fjölskyldusviðs Borgarbyggðar á árunum 2015–2020. Nú starfar hún sem aðjúntkt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

About the author

Anna Magnea Hreinsdóttir (amh@hi.is) earned her degree in leisure studies from Göteborgs folkhögskola, Sweden, in 1980, a B.Ed. degree in preschool studies from the Iceland University of Education in 1999 and a master's degree from the same university in 2003. She completed her Ph.D. on democratic school evaluation from the School of Education, University of Iceland in 2009. She has worked as a preschool and primary school officer for many years and as a director of education and welfare. She now teaches at the School of Education at the University of Iceland.

Heimildir

- Aðalheiður Ámundadóttir. (2021, 8. febrúar). Umsögn til Alþingis: „Þið vitið ekki neitt um hvað er í gangi.“ *Fréttablaðið*. <https://www.frettabladid.is/frettir/umsogn-til-althingis-thid-vitid-ekki-neitt-um-hvad-er-i-gangi-i-sundklefum/>
- Alderson, P. (2004). Ethics. Í S. Fraser, V. Lewis, S. Ding, M. Kellet og C. Robinson (ritstjórar), *Doing research with children and young people* (bls. 97–112). Sage.
- Alexander Ívar Logason. (2021, 3. febrúar). *Er menntakefðið okkar orðið úrelt?* <https://www.visir.is/g/20212068868d>
- Atli Harðarson. (2018). The school as a democratic workplace: The political dimension of Dewey's democracy and education. *Education and Culture*, 34(1), 3–18.
- Bertrand, M., Brooks, M. D. og Domínguez, A. D. (2020). Challenging adultism: Centering youth as educational decision makers. *Urban Education*. <https://doi.org/10.1177/0042085920959135>
- Biswas, T. og Mattheis, N. (2021). Strikingly educational: A childist perspective on children's civil disobedience for climate justice. *Educational Philosophy and Theory*, 54(2), 145–157. <https://doi.org/10.1080/00131857.2021.1880390>
- Bogdan, R. C. og Biklen, S. K. (2007). *Qualitative research for education. An introduction to theory and methods*. Pearson.
- Braun, V. og Clarke, V. (2021). One size fits all? What counts as quality practice in (reflexive) thematic analysis? *Qualitative Research in Psychology*, 18(3), 328–352. <https://doi.org/10.1080/14780887.2020.1769238>
- Braun, V., Clarke, V., Hayfield, N. og Terry, G. (2018). Thematic analysis. Í P. Liamputtong (ritstjóri), *Handbook of research methods in health social sciences* (bls. 1–18). Springer. https://doi.org/10.1007/978-981-10-2779-6_103-1
- Clark, A. (2020). Towards a listening ECEC system. Í C. Cameron og P. Moss (ritstjórar), *Transforming early education in England: Towards a democratic education* (bls. 134–151). UCL Press.
- Clark, A. og Flewitt, R. (2020). The competent child: Valuing all young children as knowledgeable commentators on their own lives. *Review of Science, Mathematics and ICT Education*, 14(2), 9–24. <https://doi.org/10.26220/rev.3369>
- Clark, A. og Moss, P. (2001). *Listening to young children: The Mosaic approach*. National Children's Bureau; Rowntree Foundation.

- Cohen-Chen, S. og van Zomeren, M. (2018). Yes we can? Group efficacy beliefs predict collective action, but only when hope is high. *Journal of Experimental Social Psychology*, 77, 50–59. <https://doi.org/10.1016/j.jesp.2018.03.016>
- Corney, T., Cooper, T., Shier, H. og Williamson, H. (2021). Youth participation: Adulthood, human rights and professional youth work. *Children & Society*, 00, e12526. <https://doi.org/10.1111/chso.12526>
- Farthing, R. (2010). The politics of youthful antipolitics: Representing the ‘issue’ of youth participation in politics. *Journal of Youth Studies*, 13(2), 181–195. <https://doi.org/10.1080/13676260903233696>
- Fitzpatrick, J. L., Sanders, J. R. og Worthen, B. R. (2004). *Program evaluation: Alternative approaches and practical guidelines*. Pearson; Allyn & Bacon.
- Flascher, J. (1978). Adulthood. *Adolescence*, 13(51), 517–523.
- Fletcher, A. (2015). *Facing adulthood*. Common Action Publishing.
- Freire, P. (1970). *Pedagogy of the oppressed*. Herder & Herder.
- Fridays For Future. (2018). <https://fridaysforfuture.org/>
- Samband íslenskra sveitarfélaga. (2021, 10. febrúar). *Fundargerð 131. fundar fræðslumálanefndar sambandsins*. <https://www.samband.is/wp-content/uploads/2021/03/131-fundur-fraedslumalanefndar.pdf>
- Groundwater-Smith, S., Dockett, S. og Bottrell, D. (2015). *Participatory research with children and young people*. Sage.
- Guðmundur Heiðar Frímansson. (2018). *Skólar og lýðræði: Um borgaramenntun*. Háskólaútgáfan.
- Hafnarfjarðarbær. (2021, 23. mars). *Nemendur í Vídistaðaskóla stofna Menntakerfið okkar*. <https://www.hafnarfjordur.is/stjornsysla/frettir/menntakerfid-okkar-vill-uppfaera-islenskt-menntakerfi>
- Hart, R. (1992). *Children's participation: From tokenism to citizenship*. UNICEF Innocenti Essays, no. 4. International Child Development Centre of UNICEF.
- Hoveid, H. og Hoveid, M. (2019). *Making education educational: A reflective approach to teaching*. Springer Nature Switzerland.
- Ingvar Þór Björnsson. (2021, 7. febrúar). Krefjast þess að breytingar verði gerðar á námskránni. *RÚV*. <https://www.ruv.is/frett/2021/02/07/krefjast-thess-ad-breytingar-verdi-gerdar-a-namskranni>
- Josefsson, J. og Wall, J. (2020). Empowered inclusion: Theorizing global justice for children and youth. *Globalisations*, 17(6), 1043–1060. <https://doi.org/10.1080/14747731.2020.1736853>
- Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir. (2012). *Raddir barna*. RannUng; Háskólaútgáfan.
- Kristinn Haukur Guðnason. (2021, 4. febrúar). Vilja fá fræðslu um áskoranir. *Fréttablaðið*. <https://www.frettabladid.is/frettir/vilja-fa-fraedslu-um-askoranir/>
- Lansdown, G. (2018). *Conceptual framework for measuring outcomes of adolescent participation*. UNICEF.
- Lundy, L. (2007). ‘Voice’ is not enough: Conceptualising article 12 of the United Nations Convention on the rights of the child. *British Educational Research Journal*, 33(6), 927–942. <https://doi.org/10.1080/01411920701657033>
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.
- Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.
- Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013.
- Mattheis, M. (2020). Unruly kids? Conceptualizing and defending youth disobedience. *European Journal of Political Theory*, 21(3), 466–490. <https://doi.org/10.1177/1474885120918371>
- Mauthner, M. (1997). Methodological aspects of collecting data from children: Lessons from three research projects. *Children and Society*, 11, 16–28.
- Mayall, B. (2008). Conversation with children: Working with generational issues. Í P. Christensen og A. James (ritstjórar), *Research with children: Perspectives and practices* (2. útgáfa, bls. 109–124). Routledge.
- Meade, P. (2020). Reaktionen auf Schüler*innenrebellion: Adulthood im Diskurs um Greta Thunberg und die Fridays for Future-Bewegung. Í R. Budde og U. Markowska-Manista (ritstjórar), *Childhood and children's rights between research and activism* (bls. 85–119). Springer VS.
- Menntakerfið okkar*. (2020). *Tillaga um hvernig við getum þróað menntakerfið okkar og dregið það fram í nútímanum*. <https://www.althingi.is/altxt/erindi/151/151-1509.pdf>

„Ég held að þetta hafi gefið okkur hugrekki til að láta í okkur heyra“
Um frumkvæði nokkurra ungmenna að breytingum á námskrá og menntun í grunnskóla

- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2012). *Aðalnámskrá grunnskóla 2011: Almennur hluti*.
- Ólafur Páll Jónsson. (2015). Þverstæðan um lýðræðislegt skólustarf. *Uppeldi og menntun*, 24(2), 57–73.
- Ólafur Páll Jónsson. (2019). Lýðræðisleg hæfni fyrir lýðræðislega menningu. *Tímarit um menntarannsóknir*, 28(2), 21–40.
- Ragný Þóra Guðjohnsen og Hrund Þórarins Ingudóttir. (2019). Borgaravitund ungmenna skoðuð í ljósi uppeldissýnar foreldra þeirra. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 28(2), 201–221. <https://doi.org/10.24270/tuom.2019.28.10>
- Ravnbøl, K. og Neergaard, I. (2019). *Nordic youth as sustainable changemakers: In the transition to sustainable consumption and production. Nordic Council of Ministers*. <https://doi.org/10.6027/NO2019-027>
- Reykjavíkurborg. (2019). *Menntastefna Reykjavíkur – Látum draumana rætast*. <https://menntastefna.is/>
- Sabherwal, A., Ballew, M. T., van der Linden, S., Gustafson, A., Goldberg, M. H., Maibach, E. W., Kotcher, J. E., Swim, J. K., Rosenthal, S. A. og Leiserowitz, A. (2020). The Greta Thunberg effect: Familiarity with Greta Thunberg predicts intentions to engage in climate activism in the United States. *Journal of Applied Social Psychology*, 51(4), 321–333. <https://doi.org/10.1111/jasp.12737>
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992.
- Samtök áhugafólks um skólaþróun. (2016). *Stóru málin í skólastofunni*. <https://skolathroun.is/radstefnur/storu-malin-i-skolastofunni/>
- Shier, H. (2012). *What does 'equality' mean for children in relation to adults?* https://www.harryshier.net/docs/Shier-What_Does_Equality_Mean_for_Children.pdf
- Shier, H., Hernández Méndez, M., Centeno, M., Arróliga, I. og González, M. (2014). How children and young people influence policy-makers: Lessons from Nicaragua. *Children & Society*, 28(1), 1–14. <https://doi.org/10.1111/j.1099-0860.2012.00443.x>
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2011). *Borgaravitund ungs fólks í lýðræðisþjóðfélagi*. Rannsóknarsetrið Lífshættir barna og ungmenna; Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands; Menntavísindastofnun Háskóla Íslands.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2019). *Lífssögur ungs fólks – Samskipti, áhættu hegðun, styrkleikar*. Háskólaútgáfan.
- Steafel, E., FitzPatrick, L. og Hope, C. (2019, 15. febrúar). Thousands of children stage school walk out to protest climate change. *The Telegraph*. <https://www.telegraph.co.uk/news/2019/02/15/theresa-may-condemns-thousands-children-staged-school-walk-protest/>
- Straume, I. (2020). What may we hope for? Education in times of climate change. *Constellations*, 27(3), 540–542. <https://doi.org/10.1111/1467-8675.12445>
- Sundhall, J. (2017). A political space for children? The age order and children's right to participation. *Social Inclusion*, 5(3), 164–171. <https://doi.org/10.17645/si.v5i3.969>
- Thunberg, G. (2019). *No one is too small to make a difference*. Penguin Books.
- Thunberg, G. og Taylor, A. (2019, 15. mars). Think we should be at school? Today's climate strike is the biggest lesson of all. *The Guardian*. <https://www.theguardian.com/commentisfree/2019/mar/15/school-climate-strike-greta-thunberg>
- Yousafzai, M. og Lamb, C. (2015). *I am Malala: The girl who stood up for education and was shot by the Taliban*. Back Bay Books; Little, Brown & Company.
- Wall, J. (2019). From childhood studies to childism: Reconstructing the scholarly and social imagination. *Children's Geographies*, 20(3), 257–270. <https://doi.org/10.1080/14733285.2019.1668912>
- Wolfgang Edelstein. (2010). Lýðræði verður að læra! *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://netla.hi.is/arsrit-2010/>
- Dingskjál nr. 1111/2020–2021. *Dingsályktun um menntastefnu fyrir árin 2021 til 2030*. <https://www.althingi.is/altext/151/s/1111.html>



Anna Magnea Hreinsdóttir. (2022).
„Ég held að þetta hafi gefið okkur hugrekki til að láta í okkur heyra“
Um frumkvæði nokkurra ungmenna að breytingum á námskrá og menntun í grunnskóla
Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2022/alm/07>
DOI: <https://doi.org/10.24270/netla.2022.7>